

## Viðmiðunarreglur Kirkjugarðaráðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga um kirkjugarðsstæði og fleira

### I. Skyldur sveitarfélaga

#### 1. gr. Landsvæði undir kirkjugarð og efni í girðingu um kirkjugarð

Sveitarfélag, sem liggur innan sóknar, lætur ókeypis í té hæfilegt landsvæði undir kirkjugarð og efni í girðingu um hann, þó þannig að óbreyttar haldast kvaðir sem þegar eru á jörðum og lóðum þar sem kirkjugarðar standa.

Svæði sem sveitarfélag lætur undir kirkjugarð skal vera hentugt til greftrunar. Ef jarðvegur landsins er ekki nægilega þurr eða djúpur skal sveitarfélag kosta framræslu og/eða uppfyllingu þess.

Með kirkjugarði er átt við afmörkuð grafarsvæði kirkjusóknar eða kirkjusókna sem vígð hafa verið, sbr. 6. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993.

#### 2. gr. Lagning vegar að kirkjugarði og efni í stíga

Ef kirkja er ekki í kirkjugarði sér sveitarfélag um að leggja veg frá henni og að kirkjugarði, ef þörf er á, og heldur honum akfærum, þar á meðal með snjómokstri ef við á.

Sveitarfélag lætur ókeypis í té hæfilegan ofaniburð í götur og gangstíga innan kirkjugarðs, ef óskað er og greiðir akstur hans.

#### 3. gr. Vatn til vökvunar í kirkjugarði

Í kaupstöðum og kaupúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugarði, endurgjaldslaust.

#### 4. gr. Skipting kostnaðar

Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag eða hluti sveitarfélaga sameiginlegan kirkjugarð og skal þá skipta kostnaði niður á viðkomandi sveitarfélög, eða hluta þeirra, eftir mannfjölda.

### II. Skyldur kirkjugarðsstjórna

#### 5. gr. Samráð við sveitarfélag áður en ákvörðun er tekin

Nú ráðgerir kirkjugarðsstjórn að fara í endurbætur eða nýframkvæmdir vegna kirkjugarðs sem sveitarfélagi ber að taka þátt í og skal hún þá hafa samráð við viðkomandi sveitarfélag um fjárhagsramma og hlutdeild sveitarfélags áður en ákvörðun um framkvæmdir er tekin. Framkvæmdarkostnaður samkvæmt áætlun skal samþykktur í sveitarstjórn áður en framkvæmdir hefjast. Sveitarfélag á rétt á að leggja til annan verkhraða eða hagkvæmari lausnir.

#### 6. gr. *Kostnaðaráætlun til eins árs*

Auk samráðs og upplýsinga samkvæmt 5. gr. ber kirkjugarðsstjórn að láta sveitarfélagi tímanlega í té ítarlega kostnaðaráætlun fyrir næsta ár vegna þeirra verka sem hún telur að sveitarfélagið eigi að kosta að hluta eða öllu leyti.

Í kostnaðaráætlun skal m.a. tilgreina fyrirhugaðar framkvæmdir og verk, upplýsingar um magnþörlur og áætluð einingaverð, svo og hvernig kostnaður skiptist milli sveitarfélags og kirkjugarðs.

Kostnaðaráætlun þarf að afhenda sveitarfélagi áður en það lýkur vinnu við gerð fjárhagsáætlunar þess árs sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar á. Almenn þarf því slík áætlun að liggja fyrir eigi síðar en í byrjun október árið áður en framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

#### 7. gr. *Verkáætlanir til lengri tíma*

Til viðbótar áætlunum samkvæmt 6. gr. og upplýsingum samkvæmt 5. gr. skal kirkjugarðsstjórn á hverju ári afhenda sveitarfélagi grófa framkvæmdaáætlun vegna næstu þriggja ára.

#### 8. gr. *Framkvæmdir*

Ef kirkjugarðsstjórn sér sjálf um að verk sé framkvæmt skulu samningar við verktaka ekki frágengnir án samþykkis viðkomandi sveitarfélags.

Sveitarfélag getur sjálft ákveðið að taka að sér þær framkvæmdir og efnisúttegur sem því ber að kosta. Ef sveitarfélag ákveður ekki sjálft að sinna verkinu skal ákveða fyrirfram hvort sveitarfélagið skuli greiða kirkjugarðsstjórn kostnað við verk og efni, eða hvort sveitarfélag skuli greiða verktaka þann kostnað beint.

Ef fleiri en eitt sveitarfélag, eða hluti sveitarfélaga, hafa sameiginlegan kirkjugarð þá skal almennt miða við að sveitarfélögin greiði kostnað sinn hlutfallslega til kirkjugarðsstjórnarnar, en taki ekki sjálf að sér verk.

### III. *Hæfilegt svæði undir kirkjugarð*

#### 9. gr. *Landsvæði undir kirkjugarð*

Sveitarfélag metur hæfilega stærð landsvæðis undir kirkjugarð. Almenn skal miðað við að gert sé ráð fyrir svæði til greftrunar í aðalskipulagi, og upplýsinga leitað hjá Kirkjugarðaráði um hvað telst hæfileg stærð á landsvæði.

Sé hluti landsvæðis kirkjugarðs nýttur undir byggingar lúta þær almennum lögum og reglum um lóðarleigu og fasteignagjöld.

#### 10. gr. *Graftrarhæfur jarðvegur*

Land sem látið er undir kirkjugarð skal vera hentugt til greftrunar. Með því er m.a. átt við eftirfarandi:

- (i) Jarðvegur sé fremur auðveldur í greftrun, t.d. mold, og að 1–2 metrar af efstu lögum hans séu því sem næst grjótlausir. Til viðmiðunar má hafa að einstakir steinar sem eru 30–40 sm



Í þvermál séu fremur sjaldgæfir, þannig að almennt sé hægt að nýta sama jarðveg aftur ofan í gröf án þess að þörf sé á að hreinsa mikið af grjóti úr honum.

- (ii) Lágmarksþykkt á graftækum jarðvegi sé um 1,6 metrar ef miðað er við að aðeins sé grafin ein kista í gröf. Ef miðað er við að tvígrafið sé í gröf sé sama lágmarksþykkt 2,5 m.
- (iii) Jarðvegur sé tiltölulega þurr.
- (iv) Land sé nokkurn veginn komið í hæð. Ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélag beri kostnað af fínjöfnun jarðvegs eða tyrfingu lands.

Ef um duftreit er að ræða gilda viðmið (iii) og (iv), en í stað viðmiða (i) og (ii) skal miðað við að grafrarhæf jarðvegsdýpt sé að lágmarki 1 metri, að langmestum hluta laus við grjót stærra en 50–70 mm að þvermáli og að magn á smásteinum sé takmarkað.

#### 11. gr. *Uppfylling lands*

Þar sem fullt grafrardýpi næst ekki ber sveitarfélagið kostnað af því að fylla yfir svæði innan garðsins þannig að grafrardýpi náist. Nota skal fyllingarefni sem auðvelt er í greftrun, t.d. mold sem sé sem næst grjótlaus.

Sveitarfélag hefur almennt forræði á því hvort það annast verkið sjálft eða felur kirkjugarðsstjórn framkvæmd þess, sbr. 8. gr.

#### 12. gr. *Framræsla lands*

Þar sem land er of blautt og framræslu er þörf kostar sveitarfélagið framræsluna. Hér er átt við gröft, lagningu drenlagna og fyllingu yfir drenlagnir.

Sveitarfélag hefur almennt forræði á því hvort það annast verkið sjálft eða felur kirkjugarðsstjórn framkvæmd þess, sbr. 8. gr.

### IV. Hæfilegt efni í girðingu um kirkjugarð

#### 13. gr. *Girðingarefni*

Sveitarfélag greiðir efniskostnað við girðingu utan um kirkjugarð.

Hæfileg girðing miðast við stálgrindagirðingu; 1,2 m hátt galvaníserað teinanet með hefð-bundnu staurabili.

Þegar hlaðnir garðar eru endurhlaðnir skal almennt litið svo á að efni til girðingarinnar sé þegar til staðar.

Ef girðing sem þegar hefur verið reist telst ekki hæfileg samkvæmt 2. mgr., leiðir framangreint ekki til þess að kirkjugarðsstjórn eigi rétt á greiðslum til endurbóta eða endurnýjunar sé ekki raunveruleg þörf á.

Sveitarstjórn og kirkjugarðsstjórn er ávallt heimilt að semja um hærri framlög, t.d. ef aðilar telja annars konar girðingu endingarbetri, falla betur að umhverfi eða þ.u.l.

✓



14. gr. *Hlið*

Sveitarfélag greiðir efniskostnað við hlið á girðingu utan um kirkjugarð.

Hæfilegt hlið telst hefðbundið aksturshlið, þ.e. vængjahlið, 1,2 m hátt og um 4,0 m breitt. Ef aðeins er þörf á gönguhliði telst slíkt hlið hæfilegt. Skal þá miðað við hefðbundið gönguhlið, 1,2 m hátt og 1,2 m breitt.

Ef hlið sem þegar hefur verið reist telst ekki hæfilegt samkvæmt 2. mgr., leiðir framangreint ekki til þess að kirkjugarðsstjórn eigi rétt á greiðslum til endurbóta eða endurnýjunar sé ekki raunveruleg þörf á.

Sveitarstjórn og kirkjugarðsstjórn er ávallt heimilt að semja um hærri framlög, t.d. ef aðilar telja annars konar hlið endingarbetra, falla betur að umhverfi eða þ.u.l.

**5. kafli. Vegur að garði og stígar og götur innan kirkjugarðs**

15. gr. *Vegur að kirkjugarði*

Vegur sem sveitarfélag leggur frá kirkju að kirkjugarði skal vera sambærilegur við það sem almennt tíðkast á því svæði/sveitarfélagi sem vegurinn liggur.

Sveitarfélag hefur forræði á því hvort það annast gerð og viðhald vegarins sjálf eða felur kirkjugarðsstjórn framkvæmd þess, sbr. 8. gr.

16. gr. *Stígar og götur innan kirkjugarðs*


Sveitarfélög greiða fyrir eða útvega fyllingarefni í stíga og götur innan kirkjugarða. Sveitarfélag ber aðeins kostnað af fyllingarefni komið á staðinn, en ber ekki ábyrgð á útjöfnun og þjöppun fyllingarefnis.

17. gr. *Efni og efnismagn í stíga og götur*

Almennt skal miða við að fyllingarefni sé frostöruggt og þjöppunarhæft malarefni sem uppfyllir kröfur sem neðra burðarlag í almennri verklýsingu Vegagerðarinnar fyrir vega og brúargerð. Stærstu steinar mega almennt ekki vera stærri en 100 mm í þvermál.

Breidd göngu- og akstursstíga innan kirkjugarðs fer að staðháttum. Almennt má þó miða við að breidd á göngustíg sé 1,5–2,0 m og akstursstíg 2,5–3,0 m Þykkt fyllingar fer eftir staðháttum og frostdýpt á hverjum stað. Almennt má þó miða við u.þ.b. 70 sm burðarlag og 10 sm topplag. Í topplagi skal miðað við frostfritt malarefni með kornastærð 0–17 mm.

Reykjavík 29. júní 2007.



formaður kirkjugarðaráðs



formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga